

**Sp.**

**552. Tillaga til þingsályktunar**

[266. mál]

um kaup á sérsmíðuðum togara til djúprækjuveiða.

Flm.: Stefán Jónsson, Árni Gunnarsson, Lárus Jónsson, Stefán Valgeirsson,  
Jón G. Sólnes, Pálmi Jónsson, Ingvar Gíslason, Brafi Sigurjónsson,  
Páll Pétursson, Kjartan Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita Söltunarfélagi Dalvíkur heimild til að kaupa rækjutogara til útgerðar á djúpslóð.

**Greinargerð.**

Veiðar á rækju á djúpslóð hér við land hófust 1969 þegar Snorri Snorrason skipstjóri á Dalvík byrjaði slíkt úthald á 26 lesta báti. Hægt var farið af stað, og raunar hófust veiðar þessar ekki af þrótti fyrr en Snorri hafði látið smíða sér stærri bát og byrjaði veiðar á honum árið 1974, en síðan hefur Snorri Snorrason stundað úthafs-rækjuveiðar óslitið, þótt tiltölulega fljótt kæmi í ljós að ekki yrði rækjuveiðin stunduð að fullkomnu gagni norður í Íshafi nema til fengjust sérsmíðuð úthafs-rækjuskip.

Árið 1976 hafði Snorri Snorrason samið um smíði á fullkomnum rækjutogara að norskrri og færeyskrri fyrirmynd, og skyldi þá koma okkur að gagni sú reynsla sem Færeyingar höfðu aflað sér við djúprækjuveiðar á Grænlandsmiðum. Smíði þess togara var þó stöðvuð á lokastigi samninga.

Eftir að útséð varð um nýsmíðina keyptu Dalvíkingar síðan lítinn frystitogara frá Ítalíu, þótt skip það væri hvergi nærri ætlað til íshafsveiða. Var því breytt í rækjutogara eftir því sem unnt var. Enda þótt hér fengist ekki hin æskilegasta úrlausn í því skyni að sannreyna möguleikana, sem í djúprækjuveiðum felast fyrir íslenskan sjávarútveg, hefur útkoma veiðanna, eftir að rækjan fannst á Dornbanka, orðið slík að viðskiptabanki Söltunarfélags Dalvíkur, Landsbankinn, styður það nú að fyrirtækið kaupði stærri og fullkomnari rækjutogara, sérsmíðaðan til þessara veiða. Í greinargerð verða ekki rakin þau tæknilegu atriði, sem lúta að því að sérsmíðað skip henti betur til djúprækjuveiðanna, en athygli skal vakin á því, að veiðar þessar eru stundaðar norðvestur í hafi, 100 sjómílum norðan við ystu skip íslenska flotans, í erfiðum sjó og gjarnan innan um ís, enda eru færeysku rækjutogararnir, sem gerðir eru út á Grænlandsmiðum, búnir miklu traustari ísvörn en okkar traustustu skip, en Dalborgin — rækjuskip Dalvíkinga — óvarin fyrir ís.

Til þess að reynsla þeirra Snorra Snorrasonar og félaga nýtist svo að byggja megi á frekari áætlanir um stórútgætur á djúprækjunum, er nauðsynlegt að þeir fái nú skip, sem dugir til þessara veiða, og er slíkt vænlegra ráð að dómi flutningsmanna, eins og fyrirhugað er að haga þorskveiðum hér við land, heldur en að bæta nú við skuttogurum.